

## Veikindaréttur

Hugtakið veikindaréttur vísar til réttar launamanna til áframhaldandi launa frá atvinnurekanda geti þeir ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa sem þeir verða fyrir í frítíma sínum.

Samkvæmt kjarasamningi lækna á starfsmaður sem ráðinn er til starfa á mánaðarlaunum í a.m.k 2 mánuði rétt á að halda öllum launum svo lengi sem veikindadagar hans, taldir í almanaksdögum verði ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

STARFSTÍMI	FJÖLDI DAGA
0 - 3 mánuði í starfi	14 dagar
Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
Eftir 7 ár í starfi	175 dagar

Við framantalinn rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna í 13 vikur eða 91 dag ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi.

STARFSTÍMI	FJÖLDI DAGA
Eftir 12 ár í starfi	273 dagar
Eftir 18 ár í starfi	360 dagar

Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn innutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi.

Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. ofangreindri málsgrein, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. ofangreindri málsgrein.

Réttur eftirlaunaþega í tímavinnu, eða annars konar vinnu, til launa vegna óvinnufærni af völdum veikinda eða slysa er 1 mánuður á hverjum 12 mánuðum. Laun í veikindum skal miða við meðaltal dagvinnulauna síðustu 3 mánuði fyrir veikindi.

Laun greidast aldrei lengur en ráðningu er ætlað að standa.